



## SKH3A05-Skapandi hugmyndavinna

Námsáætlun, haustönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Helga Krístrún Hjálmarsdóttir  
Flosi Jón Ófeigsson

**Netfang/netföng:**

[helga.hjalmarsdottir@borgo.is](mailto:helga.hjalmarsdottir@borgo.is)  
[flosi.ofeigsson@borgo.is](mailto:flosi.ofeigsson@borgo.is)

**Lýsing:**

Áfanginn miðar að því að efla sköpunarkraft, frumkvæði, nýsköpun og virkja áræðni nemenda til að finna nýjar lausnir og/eða skapa gæði sem máli skipta. Í náminu fá nemendur skilgreiningar á nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi út frá margvíslegum fræðum. Leitast er við að rækta hæfni og færni nemenda í hugmyndavinnu, upplýsingaleit, flokkun hugmynda, mat og val á aðferðum, afmörkun viðfangsefna og framkvæmd. Nemendur eru hvattir til að nýta hæfileika sína til að breyta hugmynd í veruleika. Nemendur eru hvattir til að skipuleggja og stýra verkefnum svo markmið þeirra náist. Útgangspunktur verkefna í áfanganum eru Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem taka á vandamálum sem eiga sér stað um heim allan. Litið er á nemandann sem sérfræðing í eigin hugmyndavinnu. Hluti af náminu er að gefa nemendum frjálsræði og ábyrgð. Kennslan verður ekki bundin við skólaföng.

**Þekking, leikni, hæfni:**

**Þekkingarviðmið.** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ferli nýsköpunar frá hugmynd að veruleika
- greiningu þarfa sem leitt geta til lausnar
- aðferðafræði hugmyndaleitar og hugmyndaþróunar
- ólíku þróunarferli lausna
- ferli skapandi hugsunar
- mikilvægi þess að vera virkur og ábyrgur borgari bæði gagnvart samfélaginu og umhverfi sínu
- bera virðingu fyrir mannréttindum og umhverfi sínu

**Leikniviðmið.** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Sýna frumkvæði og nýta skapandi nálgun í mótun hugmynda sinn
- beita mismunandi aðferðum við leit og þróun á hugmyndum
- Skipuleggja og framkvæma eigin hugmyndir

**Hæfniviðmið.** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilgreina þörf og vinna að lausn frá hugmynd til afurðar
- standa á ábyrgan hátt fyrir kynningu á hugmyndum sínum.
- setja fram á raunhæfan hátt áhugaverða hugmynd í anda nýsköpunar og frumkvöðulsstarfs
- leggja raunhæft mat á möguleika ákveðinnar hugmynda

**Námsmat**

Áfanginn er símatsáfangi, í því felst að nemendur vinna ólík verkefni sem öll eru metin til einkunnar. Sundurliðað námsmat er í töflu yfir námsþætti.

**Námsgögn:**

Frá kennara og aðgengileg á Innu

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Nemendur eru hvattir til að vera virkir í umræðum og beita jákvæðri gagnrýni. Hlutverk kennara er að veita aðstoð við að koma hugmyndum í framkvæmd. Vinna nemenda er ekki bundin við kennslustofuna. Mikilvægt er að nemendur gangi vel um kennslustofur og önnur vinnurými og sýni öllum virðingu.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
33	18. ágúst		
34	21.-25. ágúst	Kynning – vinnulag. Hvað er hönnun og nýsköpun	1. Verkefni 8%
35	28.ágúst -1. sept.	Náttúruauðlind	2. Verkefni 10%
36	4.-8. sept.	3. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. <b>Heilsa og vellíðan</b> 1. Fyrirlestur og umræður um markmiðið 2. Kynning nemenda á 2. verkefni	2. Verkefni 15%
37	11.-15. sept.	Vinnuvika	
38	18.-22. sept.	1. Vinna og frágangur 2. Kynningar	
39	25.-29. sept.	10. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna <b>Aukinn jöfnuður</b> 1. Fyrirlestur og umræður um markmiðið 2. Kynning nemenda á 3. verkefni	3. Verkefni 15%
40	2.-6. okt.	Vinnuvika	
41	9.-13. okt.	1. Vinna og frágangur 2. Kynningar	
42	16.-20. okt	12. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna <b>Ábyrg neysla og framleiðsla</b> 1. Fyrirlestur og umræður um markmiðið 2. Kynning nemenda á 4. verkefni	4. Verkefni 15%
43	23.-25. okt.	Vinnuvika	
44	30. okt. - 3. nóv.	1. Vinna og frágangur 2. Kynningar Mánudagur – Kynning Fimmtudagur – Kynning	
45	6.-10. nóv.	Pop up - Endurvinnsla, hönnun, matur, listir, menning!	5. Verkefni 22%
46	13.-17. nóv.	Pop up - Undirbúningur og skipulag innihaldi og framkvæmd	
47	20.-24. nóv.	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.	6. Verkefni 15%
48	27. nóv. - 1. des.	Vinnuvika	
49	4.-8. des	1. Vinna og frágangur 2. Kynningar Mánudagur – Kynning	
50	11.-13. des		

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.